



Oddeyrarskóli Tengja

8. tölublað
skólaárið
2013-2014

Mars 2013

Næringarrikt og heilsusamlegt nesti fyrir börnin



Við hvetjum foreldra til að huga vel að nestismálum barna sinna, því næringarrikt og heilsusamlegt nesti hjálpar börnum að takast á við krefjandi verkefni dagsins. Matarvenjur barna mótast mikið á æskuárunum. Dæmi um heilsusamlegt nesti er ávöxtur og hálf eða heil samloka úr grófu brauði með áleggi. Einnig getur verið gott að hafa bita af grænmeti, s.s. gulrót eða gúrku. Æskilegir drykkir eru mjólk og vatn. Gott er að varast sæta drykki og sætar mjólkurvörur.

Nemendum skólans stendur til boða að kaupa bæði mjólkur- og ávaxtaáskrift í nestistímum og mataráskrift í hádegi. Núðlur eru vinsæl fæða hjá börnum og unglingum og vinsælt er að nemendur séu með núðlur í morgunnesti eða hádegismat og stundum tvisvar á dag. Við viljum benda á að núðlur eru orkuríkar en í þeim er mjög lítil næring. Því mælumst við til þess að núðlur séu ekki dagleg fæða hjá nemendum heldur hafðar til tilbreytingar. Vegna örtraðar í örbylgjuofn nemenda er **ekki hægt að leyfa núðlur í nestistímum** heldur einungis í hádegi.

Hvað gerir náms- og starfsráðgjafi í Oddeyrarskóla?



Námsráðgjafi Oddeyrarskóla er Þuríður Lilja Rósinbergsdóttir.

Verkefni námsráðgjafa eru fjölbreytt. Helsta hlutverk hans er að standa vörð um velferð allra nemenda. **Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.**

Námsráðgjafi fer með starfsfræðslu inn í alla bekk, leggur fyrir Bendil áhugasviðskönnun í 10. bekk og veitir nemendum viðtal þar sem farið er í gegnum niðurstöður. Nemendur í 6. og 7. bekk hafa farið í gegnum sjálfstyrkingarnámskeið með námsráðgjafa. Námsráðgjafi veitir persónulega ráðgjöf og aðstoð sem miðar að þörfum hvers og eins.

Í vetur var ákveðið að fara af stað með litla jafningjavinnuhópa þar sem markmiðið er að efla sjálfsþekkingu og að nemandinn þroski næmi á eigin tilfinningar, hugsun og hegðun. Að hann fái tækifæri til að ræða við jafningja um eiginleika sína og deila með öðrum hvernig hann tekst á við námið sitt, umhverfi og líðan. Sem dæmi eru jafningjahópar nemenda með lesblindu og ADHD.

Stóra upplestrarkeppnin



Þann 28. febrúar var haldin undankeppni stóru upplestrarkeppninnar hér í Oddeyrarskóla og fulltrúar

okkar valdir. Þeir sem báru sigur úr bítum í undankeppninni eru Berenika Bernat og Ingunn Erla Sigurðardóttir. Til vara er Katrín María Ingibjargardóttir Ipaz.

Þær munu keppa í lokakeppni í MA miðvikudaginn 2. apríl, klukkan 17.

Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Stofnaður hefur verið reikningur til styrktar Marcin Gniedzko föður Júlíu í 5. bekk vegna fráfalls eiginkonu hans.

Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta lagt inn á reikning í Landsbankanum fyrir 6. apríl n.k.


0162-05-261200, kt. 100779-4479

Á döfinni

27. og 28. mars:
Smiðjudagar

27. mars: Foreldrar og forvarnir: Fræðslufundur fyrir foreldra kl. 19-21 í sal Síðuskóla.

2. apríl: Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar haldin í MA. Þar keppa fulltrúar okkar úr 7. bekk við aðra nemendur úr grunnskólum Akureyrar.



4. bekkur kynnrir Strumpaverkefni

Föstudaginn 28. febrúar buðu nemendur 4. bekkjar foreldrum sínum á kynningu um Strumpaverkefni sem þau hafa unnið að síðustu þrjár vikurnar. Þemað var unnið í anda byrjendalæsis og voru verkefni af ýmsu tagi, t.d. ýmskonar vinna með

texta og orð, sögugerð og sköpun. Nemendur útbjuggu sér lestrarhús (sjá mynd uppi í hægra horni) og saumuðu hvert sinn strump úr flísefni og varð afraksturinn afskaplega flottur!

Myndir frá undirbúningsvinnunni og kynningunni eru á myndasíðu skólans.



Góður árangur í skólahreysti



Miðvikudaginn 12. mars var haldin lokakeppni Akureyrarskólanna í Skólahreysti. Keppt var í upphífungum, armbevgjum, dýfum, hreystigreyp og

hraðabraut. Fulltrúar Oddeyrarskóla sem voru valdir í undankeppni innan skólans fyrir nokkru voru Egill í 9. bekk, Alexander Ívan í 10. bekk, Ágústa Jenný í 8. bekk og Birta í 8. bekk. Varamenn voru Don í 9. bekk og Tara í 10. bekk. Hópurinn stóð sig frábærlega og hampaði 3. sætinu af 8 skólum! Nemendur 5.—10. bekkjar fylktu liði grænlædd og studdu við sitt fólk.

Við erum afskaplega stolt af liðinu okkar og óskum þeim innilega til hamingju með frábæran árangur!



Viðurkenningar skólanefndar

Skólanefnd veitir einstaklingum og/eða stofnunum sem skarað hafa fram úr, viðurkenningar að vori hvers árs við hátíðlega athöfn. Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum, annars vegar *skólar/kennarahópar/kennari* og hins vegar *nemendur*.

Í flokknum skólar/kennarahópar/kennari geta foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar.

Tilnefningar fyrir skólaárið 2013-2014 skulu berast rafrænt fyrir **6. apríl** næstkomandi. Viðurkenningar verða afhentar við hátíðlega athöfn í maí. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skóladeildar og þar er einnig hægt að senda inn tilnefningar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/vidurkenning-skolaneftndar-2014>